

Reykjavík, 12. október 2023

Erindi til Stefáns Vagns Stefánssonar, formanns fjárlaganefndar, og Lilju D. Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra. Ósk um fjárframlag vegna 2024.

Frá: Frá Hrönn Marinósdóttur f.h. hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) en í henni sitja Baltasar Kormákur, kvikmyndaleikstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir, kvikmyndaklippari, og Pétur Einarsson, kvikmyndagerðarmaður.

Efni: Beiðni um fjárveitingu að upphæð 50 milljónir króna svo starfsrækja megi Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF) og nýja hátíð UngRIFF.

Fyrir hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, þakkar undirrituð fjárlaganefnd og menningarráðherra fyrir mikla velvild og veittan stuðning undanfarin ár. Í glæsilegri kvikmyndastefnu sem unnin var að frumkvæði ráðherra er sérstaklega fjallað um hlutverk og gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF.

RIFF hefur ekki haft fastan samning við ráðuneyti/KMÍ frá því honum var sagt upp fyrirvaralaust árið 2010. Fyrir árið 2023 veitti Alþingi hátíðinni 20 mkr í gegnum fjárlaganefnd sem við erum ákaflega þakklát fyrir. Án þessa stuðning væri **ekki** unnt að reka hátíðina.

Hátíðin fær 15 mkr frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Þrátt fyrir ótvírætt gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF hefur sá styrkur ekki hækkað í mörg ár og nægir engan veginn til þess að reka hátíðina. Það hefur leitt til þess ekki er unnt að fastráða starfsfólk og sinna kvikmyndauppeldi eins og sambærilegar hátíðir eiga að gera. Sýningar á landsbyggðinni og starf með börnum og unglinga auk námskeiða á borð við Stelpur filma hafa setið á hakanum. RIFF vill setja á stofn nýja hátíð UngRIFF sem ætlunin er að reka samhliða RIFF þar sem áherslan er á kvikmyndasýningar og kennsluefni í alla leikskóla og grunnskóla landsins, auk sýninga í kvikmyndahúsum um allt land fyrir öll börn og námskeið í kvikmyndalæsi og kvikmyndagerð víða um land. UngRIFF er ætlunin er að reka í nánú samstarfi ungt fólk með sérstöku ungmennaráði sem starfar allt árið. Við erum í samstarfi við stórar barnakvikmyndahátíðir Norðurlanda svokallað NoJSE samstarf, fimm hátíðir, ein frá hverju landi, þar sem við getum lært og miðlað reynslu en þessar hátíðir hafa starfað í mörg ár með ungmennum og fjölskyldum. Markmið okkar er að ýta þessu starfi úr vör á næsta ári með glæsilegri dagskrá þar sem myndir eru textaðar á íslensku og talsettar amk að hluta svo íslensk börn geti notið og læra á íslensku. Það er skylda á hinum Norðurlöndunum að bjóða myndir líka á móðurmáli hvers lands.

Til þess að hátíð geti dafnað og nýtt tækifærin sem svo sannarlega eru til staðar, er óskað eftir framlagi fyrir næsta ár sem yrði þá nýtt til að festa RIFF betur í sessi sem og nýja hátíð UngRIFF en það er afar kostnaðarsamt að þýða og talsetja. Styrkur frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg er grunnur undir starfseminu. Við gerum ráð fyrir að KMÍ geti áfram veitt


15mkr til RIFF á næsta ári, þótt það sé ekki í hendi. Því miður hefur ekki alltaf náðst samfella í rekstrinum en það er nauðsynlegt að geta haft starfsfólk á launum árið um kring. Von okkar er sú að gerður verði samstarfs- og þjónustusamningur við hátíðina til nokkurra ára í senn, í takti við nýja stefnu, það er vilji forstöðumanns sem er nýtekin við hjá KMÍ en ekki komið að því enn.

RIFF er þekkt og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar umfram aðrar hátíðir hér á landi þar sem áhersla er meðal annars lögð á að kynna nýjar og framsæknar kvikmyndir og markvisst að kynna kvikmyndalandið Ísland. Á hverju ári koma erlendar stórstjórnur á RIFF og taka þátt í hátíðinni sem gerir hana afar eftirsóknarverða og einstaka. Reykjavíkurborg valdi RIFF sem eina af sex borgarhátíðum til ársins 2025.

Að margra mati er RIFF meðal fremstu kvikmyndahátíða í norðanverðri Evrópu, og teljum við tækifæri vera til staðar, sem og innviðir, en fjármagn nauðsynlega vantar til þess að standa undir merkjum, við þurfum að gera haldið fólki í vinnu allt árið um kring en undanfarin ár hefur svo ekki verið heldur aðeins tímabundið sem gerir það að verkum að þekking og reynsla byggist ekki upp. Hátíðin hefur fengið til liðs við sig afar færan og mjög virtan dagskrárstjóra, Frédéric Boyer, sem vill byggja upp hátíðina með okkur og við deilum sömu framtíðarsýn. Í ár er fjöldinn allur af sýningum mynda sem komu hingað beinustu leið frá Cannes og Feneyjum, sem er einstakt. Fáar hátíðir í heiminum geta státað að slíkri dagskrá. RIFF dreifir hvorki myndum né selur heldur fær þær lánaðar eða leigðar eftir áralangt uppbyggingarstarf og traust við erlenda sölu og dreifingaraðila.

RIFF er mikilvægur samstarfs- og samskiptavettvangur fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn við kollega sína um allan heim. RIFF kemur á tengslum og það verða til tengls sem skapa miklar tekjur fyrir þjóðarbúið. Leikstjórar og framleiðendur, sem sótt hafa hátíðina heim hafa í kjölfarið efnt til samstarfs við íslenska kvikmyndagerðarmenn um verkefni sem hlaupa á hundruðum milljóna króna. Bláðamenn sem heimsótt hafa hátíðina hafa skilað góðri kynningu fyrir íslenskan kvikmyndaíðnað í fagfjölmiðlum erlendis svo sem í Variety, Screen, Indiewire auk annarra miðla á borð við Arte sjónvarpsstöðina, Le Monde, Politiken, Guardian og New York Times.

Virðingarfyllst og með kærri kveðju,



Hrönn Marinósðóttir
stjórnandi RIFF